ÞAÐ ER ALLTAF GLÍMAN VIÐ RÝMIÐ

— segir Kristinn E. Hrafnsson um lögmál skúlptúrsins og sýningu sína á Kjarvalsstöðum

Hann var einn í sínum árgangi í skúlptúrdeild, fékk því tækifæri til að vinna með Jóni Gunnari Árnasyni, og lærði margt af honum. Hélt þá til Þýskalands, lærði að *horfa á heiminn* og nýta sér það sem til fellur; ekkert er heilagt, og svo kom hann heim; fór að kenna við Myndlista- og handíðaskólann, varð formaður Myndhöggvarafélagsins. Nú hefur hann hreinsað sig af óviðkomandi áhrifum og sýnir á Kjarvalsstöðum verk með sterkan og ákveðinn hugmyndafræðilegan bakgrunn; bakvið stálhringi, vatnsslöngur og línurit eru hugmyndir sem heimspekingurinn Heidegger hjálpaði til við að móta. Hvað er Kristinn E. Hrafnsson að fara með skúlptúrum sínum?



Kristinn E. Hrafnsson fyrir framan verk sitt Tímabil. Morgunblaðið/Einar Falur

„Ég lít á mig sem hefðbundinn myndhöggvara, því lögmál skúlptúrsins breytast ekki; það er alltaf glíman við rýmið," segir Kristinn. „Auk þess legg ég mikla áherslu á fagurfræðileg gildi, þau skipta ennþá mjög miklu máli, því ef form og hugmynd mynda ekki eina heild þá kemst verkið ekki til skila."

Jón Gunnar tók þig undir sinn verndarvæng.

„Já, þegar ég vann lokaverkefni mitt í Myndlista- og handíðaskólanum var Jón Gunnar einkakennari minn. Ég var aðstoðarmaður hans í mörg ár, það var mjög gaman, hann var hvetjandi og hjálplegur; við kláruðum að vinna saman tveimur dögum áður en hann dó. Þegar ég var í München var hann mjög elskulegur: hann safnaði nú aldrei peningum, en var samt að gauka einhverju að manni, hundrað mörkum eða slíku. Hann mundi sjálfur hvernig það var að vera fátækur námsmaður frá því hann var í London.

Og hugmyndafræðilega hefur Jón Gunnar haft mest áhrif á mig af öllum kennurum. Hugmyndir hans, eins og um orku og kraft, falla vel að minni hugsun, sem og vinnubrögðin; verk verður að standast hugmyndafræðilega."

Svo þú hefur erft ýmsar hugmyndir frá conceptistunum.

„Já, því þótt ég líti ekki á mig sem slíkan, þá kenndi mestmegnis conceptfólk í skólanum á tímabili, og svo umgekkst ég það mikið. En ég vinn ekki í þeim anda, hjá mér er þetta miklu meiri hefðbundinn skúlptúr.

Í München var ég með prófessor sem heitir Paolozzi, hann var einn af upphafsmönnum poplistarinnar. Við vorum skemmtilega ólíkir; í hans verkum er mikil óreiða, mikið að sjá, mikið af öllu, og það gekk ekki saman við minn hugsunarhátt því ég er alltaf að tálga, sver mig meira í ætt við minimal hugsun. En hann opnaði fyrir mér þann skilning að umhverfið er eitt myndlistarverk og að maður eigi hiklaust að stela þaðan hverju sem er; jafnvel úr listaverkum annarra! Þetta er svo myndrænn heimur. Ég er svo að afmarka mig núna, áður var ég alæta í efnistökum, nú tek ég út það sem hentar mínum hugmyndum og er að finna sjálfan mig. Skóli er skóli og þar eiga menn að taka allt inn í sig, svo á að henda út óþarfa og geyma það sem máli skiptir þegar náminu lýkur."

Komstu heim til að vinna á meðan þú varst við nám í Þýskalandi?

„Já, því ég vann alltaf best heima. Hér fylltist ég orku og vinnugleði, allt gekk betur. Úti var eins og ég væri bundinn niður. Manni líður nú alltaf best í því umhverfi sem maður elst upp í. Úti var ýmislegt að gerjast í mér en svo var eins og mjöðurinn væri tilbúinn þegar heim kom."

Segðu mér frá þessari sýningu.

„Hér eru einungis tveir hlutir sem ég gerði úti, því þar fékkst ég við svo ósamstæð verk. Ég er smám saman að binda mig við meginþemu, hér eru það orkan, tíminn og rýmið.

Þrjú verkanna eru tileinkuð heimspekingnum Heidegger.

„Heidegger á þetta skilið. Hann sökkti sér niður í vandamál listamanna, og kver hans um listina og rýmið var mér opinberun. Hann kryfur rýmishugtakið; rýmið er ekkert fyrr en við gefum því merkingu, sýningarsalurinn hefði enga merkingu ef ekki væri list í honum. Verkin sem ég tileinka Heidegger eru til að skapa rými, þau tákna ekkert annað en að vera þarna, þetta er næstum því mælanleg list; *það er talað um ákveðið rúmtak* skúlptúrs, innra rýmið er efniskennt en ytra rýmið er óskilgreinanlegt, það fer alveg eftir njótandanum. Allir hlutir hafa sína merkingu og ég fór að leita að ákveðnum hlutum með ákveðna merkingu fyrir okkur, tökum garðslöngu til dæmis. Hún hefur það hlutverk að flytja vatn, og fyrir mér er hún jafn mikill hlutgervingur vatns og vatnið sjálft. Eins er með rör; þetta eru bara leiðslur, framleiddar til að flytja vatn."

Svo notarðu mælistengur.

„Það er nokuð sem kom í framhaldi af pælingum mínum í Heidegger. Það eru til staðir sem við erum búin að gefa ákveðna merkingu, eins og Atlantshafshryggurinn sem er það sem hann er, og eins er með Kröflu og Sogið til dæmis. Í rauninni er náttúran orðin mælieining hjá okkur, við umgöngumst hana bara út frá því hvernig við getum nýtt okkur hana. Við mælum hana upp og nýtum hana á mjög ákveðinn hátt, því *miður oft neikvæðan*. Sjálfur er ég þó mjög hrifinn af vatnsorkunni, og um hana fjallar „gosbrunnurinn" sem kemur fyrir framan Borgarleikhúsið. En vatn er mjög erfitt að forma; slöngur og rör finnast mér vera einu efnin sem geta táknað það. Um leið er þögn og spegill í vatni, og ég reyndi að nota sem flestar birtingarmyndir efnisins, en það er síbreytilegt. Það er ekki hægt að gefa því aðra náttúru en það hefur."

Það er mikið af járni.

„Já, ég hef alltaf unnið í járn og er hrifinn af því. Þyngdir hafa mér alltaf þótt heillandi. Að skynja þyngd í verki lætur mann finna til einhverskonar smæðar, og umfjöllunarefnið hér er líka þess eðlis: orka og tími. Þetta eru hlutir sem hafa mikla þyngd í okkar lífi. Eins er með sannleikann. Listin er svo alltaf að einhverju leyti hlutgerving af sannleikanum. En hvernig er hægt að efnisgera sannleikann í listaverkinu, og hver er hann þessi sannleikur? Þetta eru áleitnar spurningar."

Hvað tekur svo við þegar sýningunni á þessum hlutgerðu hugleiðingum lýkur?

„Það eru næg verkefni framundan. Við myndhöggvarar þurfum senn að fara út á Korpúlfsstöðum, og þurfum að finna nýtt húsnæði. Svo þarf að fara að ganga frá verkinu við Borgarleikhúsið, og ég þarf að gera tillögu að verki fyrir Ólafsfjörð. Þá má ekki gleyma að ég tek þátt í samsýningu á næsta ári og held einnig einkasýningu í Stokkhólmi. Það er alltaf nóg að gera."

Viðtal/Einar Falur Ingólfsson